

AUGLÝSING

um deiliskipulag vegna ferðaþjónustu að Arnarfelli á Arnarstapa, Snæfellsbæ.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 6. mars 2008 deiliskipulag vegna ferðaþjónustu að Arnarfelli á Arnarstapa, Snæfellsbæ.

Í deiliskipulaginu felst að á jörðinni Arnarfelli er gert ráð fyrir nýju þjónustuhúsi vestan við Arnarbæ, sem verður á einni hæð og allt að 200 m² að stærð. Auk þess er gert ráð fyrir 11 smáhýsum, allt að 25 m² að stærð, fyrir norðan húsið Sólfell og viðbyggingu sunnan við Sólfell. Fallið er frá viðbyggingum við Arnarbæ, sbr. eldra deiliskipulag Arnarfells, frá 1999 og fyrirkomulagi akvega og bílastæða innan jarðarinnar breytt.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Snæfellsbæ, 31. mars 2008.

Smári Björnsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 11. apríl 2008